

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kennitala: 4201693889

Reykjavík, 2. maí 2024
Málsnúmer: 20240404690

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða (erlendir aðilar, kílómetragjald o.fl.) – þskj. 1362, 917. mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 18. apríl sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Af því tilefni að fyrir liggur frumvarp þetta sem m.a. varðar breytingu á lögum nr. 101/2023, um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, telur ríkisskattstjóri rétt að koma á framfæri eftirfarandi tillögum að frekari breytingum á þeim lögum til aukins skýrleika.


Í 9. gr. laga nr. 101/2023 er fjallað um áætlun á meðalakstri og fyrirframgreiðslu kílómetragjalds upp í álagningu þess. Í 5. mgr. lagagreinarinnar segir að gjaldskyldum aðila skuli gert að greiða fyrir fram upp í álagningu kílómetragjalds skv. 10. gr., miðað við áætlun um akstur. Greiðsla fyrirframgreiðslu er innheimt mánaðarlega fram að álagningu þess sbr. 6. mgr. og er gjalddagi fyrsti dagur næsta mánaðar, sbr. 1. málslíð 7. mgr. Samkvæmt framansögðu er t.d. 1. febrúar gjalddagi fyrirframgreiðslu vegna janúarmánaðar. Í upphaflegu frumvarpi til laganna var gjalddagi fyrirframgreiðslu fyrsta dag hvers gjaldtímabils, en ákvæðinu var breytt í núverandi horf við þinglega meðferð. Þar sem gjalddagi fyrirframgreiðslu vegna einstakra gjaldtímabila er nú eftir lok þess gjaldtímabils, hefur borið á því að hugtakið „fyrirframgreiðsla“ vefjist fyrir skattaðilum.

Í því skyni að fyrirbyggja misskilning af þessu tagi, sem nokkuð hefur orðið vart frá því að framkvæmd laga nr. 101/2023 hófst, þá leggur ríkisskattstjóri til að í staðinn fyrir orðið „fyrirframgreiðsla“ komi „bráðabirgðagreiðsla“, hvarvetna þar sem hugtakið kemur fram í lögnum, og í fyrirbyggjandi frumvarpi þar sem fjallað er um „fyrirframgreiðslu“ kílómetragjalds. Verði fallist á að gera framangreindar breytingar þá telur ríkisskattstjóri að jafnframt fari betur á því að setja inn hugtakið „bráðabirgðagreiðsla“ í stað orðanna „fyrir fram“ í 5. mgr. 9. gr. laganna og 1. málsl. 4. mgr. bráðabirgðaákvæðis II.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson